

**Nd.**

**522. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Aftan við orðin „eða handveði“ í 4. gr. laganna komi: eða sjálfsvörzluveði í afla fiskiskips, sem sett er samkv. l. nr. 46 31. maí 1927.

**2. gr.**

Fyrri málsgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. 84. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

**3. gr.**

Orðin „í fasteign eða skipi“ í 1. lið 22. gr. laganna falli niður.

2. og 4. liður greinarinnar falli niður.

3. liður greinarinnar verði 2. liður.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.